

Fundargerð

Árið 2025, fimmtudaginn 20. febrúar kl. 13:00, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til rafræns fundar á Teams.

Fundinn sátu: Guðmundur Baldvin Guðmundsson formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Friðjón Einarsson, Dan Jens Brynjarsson, Hrund Pétursdóttir, Hörður Hilmarsson og Theódóra S. Þorsteinsdóttir ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Árna Sverri Hafsteinssyni og Sigrúnu Dögg Kvaran, sem ritaði fundargerð.

Gestur fundarins undir 2. lið; Karl Björnsson ráðgjafi.

Gestur fundarins undir 3. lið; Guðrún P. Ólafsdóttir bæjarstjóri Voga.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerðir

24. janúar og 10. febrúar

Lagðar voru fram til samþykktar fundargerðir frá 24. janúar og 10. febrúar 2025.

Fundargerðir frá 24. janúar og 10. febrúar 2025 samþykktar án athugasemda.

2. Fjármál Grindavíkur

Karl Björnsson sameignlegur ráðgjafi ríkis og sveitarfélaga varðandi fjármál sveitarfélagsins fór yfir fjárhagsáætlun Grindavíkurbæjar 2025-2028. Fram kom í máli Karls að áætlað sé að rekstrarniðurstaða A-hluta sveitarfélagsins verði neikvæð um 1 ma.kr. á árinu 2025. Efnahagur sveitarfélagsins standi þó styrkum fótum og áætlað sé að handbært fé í árslok nemi um 1,9 ma.kr. Í máli Karls kom jafnframt fram að sveitarfélagið hafði yfir að ráða í ársbyrjun 2025 1,3 ma.kr. í bótasjóði vegna náttúruhamfara í sveitarfélaginu.

Í umræðu ráðgjafarnefndar um málið kom fram að mikilvægt væri að nefndin yrði upplýst um fjárhagsstöðu sveitarfélagsins ef breytingar verði breytingar á fjárhag þess. Þá kom fram að nefndin leggur mikla áherslu á að leitað verði álits Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga á fjárhagsstöðunni í tengslum við samkomulag innviðaráðherra og sveitarfélagsins þar sem gert er ráð fyrir 600 m.kr. greiðslu til sveitarfélagsins vegna fjárhagserfiðleika.

3. Vogar

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá sveitarfélaginu Vogum, dags. 18. febrúar 2025, þar sem óskað er eftir framlagi á grundvelli 2. tölul. 1. mgr. 8.gr. rgl. 351/2022.

Sveitarfélagið óskar eftir framlagi sem nemur helmingi af kostnaði við uppsetningu færanlegra einingarhúsa við grunnskóla sveitarfélagsins Stóru-Vogaskóla. Í erindinu kemur fram að nauðsynlegt sé að festa kaup í færanlegum kennslustofum vegna mikillar fjölgunar barna í sveitarfélaginu. Áætlað er að kostnaður vegna kaupanna nemi 224 m.kr. og óskar sveitarfélagið eftir helmings kostnaðarþátttöku úr Jöfnunarsjóði með framlagi að fjárhæð 112 m.kr.

Í erindinu kemur fram að í upphafi skólaárs 2023/2024 hafi nemendur í Stóru-Vogaskóla verið 165 en í upphafi skólaársins 2024/2025 hafið nemendur fjölgað í 209. Að mati sveitarfélagsins má rekja mikla fjölgun í skólanum til barna með uppruna úr Grindavík. Nú séu 39 börn úr Grindavík í Stóru-Vogaskóla, þar af eru 25 þeirra með íslensku sem annað tungumál og 16 þurfi sértækan stuðning. Álag á starfsmenn og skólastjórnendur sé því mikið ásamt því að brýn þörf sé á nýju skólahúsnaði.

Að umfjöllun lokinni samþykkti nefndin að hafna umsókn sveitarfélagsins um aðkomu sjóðsins að fjármögnun færanlegra kennslustofa en að farið verði í heildarskoðun á því með hvaða hætti hægt sé að koma til móts við þau sveitarfélög sem orðið hafa fyrir mestum áhrifum og kostnaði vegna þjónustu við Grindvíkinga. Starfsmönnum er falið að leita til lögfræðings ráðuneytisins til að kanna heimildir fyrir framlögum sem þessum.

4. Frumvarp um Jöfnunarsjóð

Fram kom að drög að frumvarpi til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga hefur verið birt í samráðsgátt stjórnvalda.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að reglur um starfsemi sjóðsins verði fluttar úr lögum um tekjustofna sveitarfélaga í ný heildarlög. Einnig verður lögð til sú breyting að nokkur af helstu framlögum sjóðsins verða sameinuð í eitt framlag. Hlutverk sjóðsins verði áfram að jafna mismunandi útgjaldaþörf og skatttekjur sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum á grundvelli ákvæða laga, reglugerða og vinnureglna sem settar eru um starfsemi sjóðsins.

Fram kom að haldinn hafi verið fundur með sveitarfélögunum á landsvísi í gær þar sem farið hafi verið yfir aðdraganda vinnunnar og ítarlega farið yfir fyrirhugaðar breytingar á regluverki sjóðsins. Þá hafi verið kynnt hvaða breytingar hafi verið gerðar frá því frumvarpi sem mælt var fyrir á Alþingi í nóvember 2023. Gagnrýnt var á fundinum með sveitarfélögunum að umsagnarfrestur á samráðsgátt stjórnvalda væri of stuttur. Fram kom í máli starfsmanna sjóðsins að líklega verði umsagnarfresturinn framlengdur.

5. Framlag vegna sérstakra verkefna

Lagt var fram til upplýsingar minnisblað frá innviðaráðuneytinu, dags. 20. febrúar 2025, um kostnað vegna aðgerðaráætlunar stefnu í málefnum sveitarfélaga.

Á fundi ráðgjafarnefndarinnar þann 1. september 2023 var samþykkt að sjóðurinn leggi til allt að 30 m.kr. árlega til að tryggja framgang verkefna innan aðgerðaáætlunarinnar. Kynnt var gróf áætlun um ráðstöfun fjármuna árið 2025.

6. Vatnsveituframkvæmdir á lögbýlum árið 2024

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu áætlun um framlög vegna veituframkvæmda á lögbýlum. Alls er um að ræða framlög til 25 vatnsveitna samtals að fjárhæð 25,1 m.kr.

Engar athugasemdir voru gerðar við áætlunina og hún samþykkt.

7. Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)

Langtímaveikindi 2023

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 17. febrúar 2025 vegna erindis NPA miðstöðvarinnar, dags. 20. desember 2024, þar sem óskað er eftir efnislegri meðferð á kostnaði vegna langtímaveikinda starfsmanns árið 2023.

Skv. 20. gr. reglugerðar um notendastýrða persónulega aðstoð nr. 1250/2018, greiðir Jöfnunarsjóður, á grundvelli umsókna, framlög til þess að standa straum af viðbótarútgjöldum vegna langtímaveikinda aðstoðarfólks. Í ljósi þess að ekki er kveðið á um tímafresti eða önnur skilyrði fyrir veitingu framlagsins í umræddri reglugerð, er hægt að færa fyrir því rök að almennar fyrningarreglur eigi við um umsóknir umsýsluaðila um slík framlög, en í þeim felst að um fjögurra ára frest er að

ræða til að leggja fram beiðni um framlög vegna langtímaveikinda starfsfólks. Þar sem þetta atriði er ekki nægilega skýrt í þeim reglum sem eiga við um framlagið, er lagt til að beiðni umsýsluaðila um viðbótarframlag vegna langtímaveikinda verði samþykkt. Jafnframt skal tekið fram að þörf er á að endurskoða reglurnar.

Lagt er til að samþykkja að greiða framlag vegna langtímaveikinda starfsmanns á tímabilinu 12.06.2023 - 16.07.2023 að fjárhæð 1.231.024 kr. Kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs er sú sama og í NPA samningunum sjálfum eða 25%. Alls er því hluti Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna langtímaveikinda starfsmanns að fjárhæð 307.756 kr.

Að umfjöllun lokinni ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja framlag vegna langtímaveikinda starfsmanns árið 2023 að fjárhæð 307.756kr.

Langtímaveikindi 2024

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 17. febrúar 2025, varðandi framlög vegna langtímaveikinda aðstoðarfólks fyrir árið 2024.

Samkvæmt 20. gr. reglugerðar um notendastýrða persónulega aðstoð nr. 1250/2018, greiðir Jöfnunarsjóður, á grundvelli umsókna, framlög til þess að standa straum af viðbótarútgjöldum vegna langtímaveikinda aðstoðarfólks. Þann 25. nóvember 2024 var þjónustusvæðunum sendur tölvupóstur þar sem óskað var eftir umsóknum vegna langtímaveikinda starfsmanna árið 2024. Umsóknir bárust frá eftirfarandi sveitarfélögum:

Reykjavíkurborg: 1.360.921 kr.

Hafnarfjarðarbær: 6.067.529 kr.

Kópavogsbær: 291.831 kr.

Reykjanesbær: 475.756 kr.

Bergrísinn bs.: 312.461 kr.

Alls er sótt um framlög að fjárhæð 8.508.498 kr.

Skv. 20. gr. reglugerðar um notendastýrða persónulega þjónustu er gert ráð fyrir að þjónustusvæði reikni 1% til viðbótar ofan á heildarsamningsfjárhæðina sem lagt er inn í Jöfnunarsjóð til að standa straum af kostnaði vegna langtímaveikinda. Líkt og frá árinu 2019 hefur aðeins ríkishlutinn verið fjármagnaður og lagður inn í Jöfnunarsjóð. Kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs er sú sama og í NPA samningunum sjálfum eða 25%.

Alls er því hluti Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að fjárhæð 2.127.125 kr.

Að umfjöllun lokinni ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja framlag til Reykjavíkurborgar að fjárhæð 340.230 kr., til Hafnarfjarðarbæjar að fjárhæð 1.516.882 kr., til Kópavogsbæjar að fjárhæð 72.958 kr., til Reykjanesbæjar að fjárhæð 118.939 kr. og til Bergrisans bs. að fjárhæð 78.115 kr.

8. Langtímaleigusamningar

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 14. febrúar 2025, varðandi framlög vegna langtímaleigusamninga ársins 2025 ásamt úthlutun framlaganna.

Jöfnunarsjóður greiðir framlögin til sveitarfélaga vegna jöfnunar kostnaðar af langtímaleigusamningum sem ríkið gerði við Brynju hússjóð ÖBÍ og fleiri aðila áður en málefni fatlaðs fólks voru flutt frá ríki til sveitarfélaga.

Útreikningur framlagsins tekur mið af því að sett er viðmið um eðlilegt leiguverð fyrir slíkt húsnæði og er mismunur raunverulegs leiguverðs og viðmiðsins bættur úr Jöfnunarsjóði með framlagi. Viðmið við útreikningana tekur mið af leiguverði að fjárhæð 3.934 kr. á m². Mismunur leiguverðs og viðmiðunarleiguverðs er 2.670,8 kr. á m². Framlagið reiknast til 9 sveitarfélaga/þjónustusvæða vegna 22 fasteigna með langtímaleigusamninga.

Heildarframlagið vegna þessarar jöfnunaraðgerða árið 2025 nema að fjárhæð 92.713.654 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja áætlun um framlög vegna langtímaleigusamninga ársins 2025 að fjárhæð 92.713.654 kr.

9. Samkomulag við ÖBÍ

Lagður var fram til kynningar viðauki við samkomulag við ÖBÍ frá 7. maí 2022.

Stjórnvöld og ÖBÍ hafa um nokkurra ára skeið átt árangursríkt samstarf um úrbætur í aðgengismálum fyrir fatlað fólk um land allt. Framhald verður á samstarfinu en þann 7. febrúar sl. undirrituðu samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og formaður ÖBÍ samkomulag um fjárstuðning við átaksverkefnið til næstu tveggja ára, eða út árið 2026.

10. Fasteignasjóður

Framlög vegna aðgengismála

Akraneskaupstaður

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Akraneskaupstaðar, dags. 18. febrúar 2025, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði vegna úrbóta í aðgengismálum.

Sótt er um vegna úrbóta í leikskólanum Teigaseli og við sundlaugar í sveitarfélaginu. Úrbæturnar fólust m.a. í uppsetningu á veggfestum felliborðum við leikskólann Teigasel, bað- og sturtustólum í sundlaugum ásamt uppsetningu á sundlaugalyftu. Samanlagður áætlaður heildarkostnaður vegna framkvæmdanna er 3.391.537 kr.

Sótt er um framlag á grundvelli a. liðar 3. gr. í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í vinnureglum um úthlutun framlaga á grundvelli 3. greinar reglugerðar nr. 280/2021 er miðað við að heildarframlög til sveitarfélagsins Akraneskaupstaðar 2023-2024 geti numið 13.006.163 kr. Áður hefur verið úthlutað framlögum að fjárhæð 11.496.750 kr. og því standa eftir 1.509.413 kr. á tímabilinu.

Framlög vegna úrbóta á aðgengismálum eru veitt á grundvelli 3. gr. reglna 280/2021. Þar er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag Fasteignasjóðs vegna þessara framkvæmda nema 1.695.769 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja að veita hámarksframlag að fjárhæð 1.509.413 kr. vegna framkvæmdanna.

Kópavogsbær

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Kópavogsbæjar, dags. 19. desember 2024, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði vegna úrbóta í aðgengismálum.

Sótt er um vegna fjölda úrbóta við leik- og grunnskóla, bílastæði í borgarlandi, úrbætur á inngangi og aðgengi við Gerðarsafn, Menningarmiðstöð og tónlistarskóla Kópavogs ásamt leiksvæðum við útivistarsvæði sveitarfélagsins. Úrbæturnar fólust í undirvinnu við leiksvæði á leikskólum, gúmmíhellulögnum, jöfnun á lóðum, leiktæki aðgengileg hjólastólum, römpum í stað trappa o.fl. Samanlagður heildarkostnaður vegna framkvæmdanna nam 46.513.181 kr.

Sótt er um framlag á grundvelli a. og b. liða 3. gr. í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Framlög vegna úrbóta á aðgengismálum eru veitt á grundvelli 3. gr. reglna 280/2021. Þar er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag Fasteignasjóðs vegna þessara framkvæmda nema 23.256.591 kr. Kópavogsbær hefur ekki sótt um framlag áður fyrir tímabilið 2023-2024.

Í vinnureglum um úthlutun framlaga á grundvelli 3. greinar reglugerðar nr. 280/2021 er miðað við að heildarframlög til Kópavogsbæjar 2023-2024 geti numið 22.168.657 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja að veita hámarksframlag að fjárhæð 22.168.657 kr.

Suðurland

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Bergisans bs., dags. 27. janúar 2025, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði vegna úrbóta í aðgengismálum. Sótt er um fyrir eftirfarandi sveitarfélög:

Grímsnes- og Grafningshreppur: Nýtt undirlag á skólalóð. Heildarkostnaður 28.379.057 kr.

Mýrdalshreppur: Stigalyfta á Hjallatúni. Heildarkostnaður 3.712.354 kr.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur: Bætt aðgengi að sundlaug og líkamsrækt. Heildarkostnaður 13.219.000 kr.

Sótt er um framlögin á grundvelli a. liðar 3. gr. í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í vinnureglum um úthlutun framlaga á grundvelli 3. greinar reglugerðar nr. 280/2021 er miðað við að heildarframlög til Suðurlands 2023-2024 geti numið 39.740.944 kr. Áður hefur verið úthlutað 31.964.240 kr. Af framlagi Suðurlands stendur því eftir 7.776.704 kr.

Framlög vegna úrbóta á aðgengismálum eru veitt á grundvelli 3. gr. reglna 280/2021. Þar er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Bergrisinn bs. leggur til við Fasteignasjóð að flötum niðurskurði sé beitt þar sem upphæðir sem sótt er um fara umfram eftirstöðvar. Eru allir styrkir því skertir um 65,68% og er niðurstaðan eftirfarandi:

- Grímsnes- og Grafningshreppur: 4.869.846 kr.

- Mýrdalshreppur: 637.040 kr.

- Skeiða- og Gnúpverjahreppur: 2.268.380 kr.

Samtals 7.775.266 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja að veita framlag til Grímsnes- og Grafningshrepps að fjárhæð 4.869.846 kr., til Mýrdalshrepp að fjárhæð 637.040 kr. og til Skeiða- og Gnúpverjahrepp að fjárhæð 2.268.380 kr.

Önnur mál voru ekki tekin fyrir og fundi slitið kl. 15:42.

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

Ásta Stefánsdóttir

Hrund Pétursdóttir

Dan Jens Brynjarsson

Hörður Hilmarsson

Friðjón Einarsson

Theódóra S. Þorsteinsdóttir